




## FLEIRI ERU ANDVÍGIR NÝJUM BÚVÖRUSAMNINGI EN HLYNNTIR

- Rúmlega 46% svarenda eru andvíg nýjum búvörusamningi sem undirritaður var nýlega en slétt 12% eru hlynnt honum. Naumlega 42% eru í meðallagi hlynnt eða andvíg samningnum.
- Andstaða við nýjan búvörusamning er mest á meðal Reykvíkinga og nágretta þeirra en minnst á meðal Norðlendinga. Þannig eru á bilinu 57-58% Reykvíkinga andvígir nýjum búvörusamningi en um 26% Norðlendinga. Sömuleiðis eykst andstaðan við búvörusamninginn með hærra menntunarstigi þar sem rúmlega 53% svarenda með háskólapróf eru andvíg honum samanborið við tæplega 38% þeirra sem hafa grunnskólamenntun. Langhæst hlutfall kjósenda Framsóknarflokksins er hlynnt nýja samningnum, en rösklega 44% þeirra eru hlynnt samningnum, en þetta er eini bakgrunnshópurinn þar sem fleiri eru hlynntir samningnum en andvígir. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins koma næstir Framsóknarmönnum, en næstum 19% kjósenda hans eru hlynnt samningnum. Þá er athyglisvert að því betur sem menn segjast hafa kynnt sér samninginn þeim mun andvígari eru þeir honum.
- Meira en helmingur svarenda segist hafa kynnt sér nýja búvörusamninginn illa eða alls ekki, en rúmlega 13% hafa kynnt sér samninginn fremur eða mjög vel.
- Þekking á nýjum búvörusamningi er meiri á meðal karla en kvenna, þar sem tæplega fimmtungur karla hefur kynnt sér hann vel samanborið við slétt 7% kvenna. Þá eykst þekking á samningnum með hækkandi aldri og auknum tekjum. Þannig eru kjósendur Framsóknarflokksins mun líklegri en aðrir til að hafa kynnt sér samninginn vel.
- Svarendur, 857 manns, koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá og endurspeglar því þjóðina prýðilega. Könnunin fór fram dagana 3.-9. mars 2016.
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: [www.maskina.is](http://www.maskina.is) og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá [thora@maskina.is](mailto:thora@maskina.is).



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú nýja búvörusamninginum sem var undirritaður nýlega?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	31	4,4
Fremur hlynnt(ur) (4)	55	7,6
Í meðallagi (3)	301	41,8
Fremur andvíg(ur) (2)	145	20,2
Mjög andvíg(ur) (1)	188	26,1
Gild svör	720	100,0
Gildir svarendur	720	84,0
Svöruðu ekki	137	16,0
Heildarfjöldi	857	100,0



Slétt 12% svarenda eru hlynnt nýjum búvörusamningi sem undirritaður var nýlega en rúmlega 46% svarenda eru andvíg honum. Naumlega 42% eru í meðallagi hlynnt eða andvíg samningnum. Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli. Meðaltalið er 2,44 sem er nokkum vegin á milli svarkostanna „Fremur andvíg(ur)“ og „Í meðallagi“.

Á næstu síðu eru svör greind eftir bakgrunni en þar má sjá að marktækur munur er á svörum eftir búsetu, menntun, hvaða flokk fólk myndi kjósa í dag og hvers vel eða illa það hefur kynnt sér nýja búvörusamninginn. Þannig eru Norðlendingar líklegri en aðrir til að vera hlynntir búvörusamningnum, þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eru einnig hlynntari samningnum en aðrir og þá eru kjósendur Framsóknarflokksins hlynntari honum en aðrir kjósendur, eru reyndar eini bakgrunnshópurinn þar sem fleiri eru hlynntir en andvígir. Á hinn bóginn eru þeir sem hafa kynnt sér samninginn vel líklegri en aðrir til að vera andvígir honum.

# STUÐNINGUR VIÐ BÚVÖRUSAMNINGINN



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú nýja búvörusamninginum sem var undirritaður nýlega?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>720</b>	<b>12,0</b>	<b>41,8</b>	<b>46,3</b>	2,44
<b>Kyn</b>					
Karl	385	15,1	32,9	52,0	2,39
Kona	335	8,4	52,0	39,7	2,50
<b>Aldur</b>					
Yngri en 25 ára	75	5,0	54,8	40,2	2,43
25-34 ára	134	5,3	55,0	39,7	2,48
35-44 ára	120	10,7	41,0	48,3	2,40
45-54 ára	130	12,4	39,6	48,0	2,40
55 ára og eldri	262	17,7	32,8	49,5	2,46
<b>Búseta*</b>					
Reykjavík	276	7,2	35,4	57,4	2,16
Nágr.sveitarfélög Rvk.	180	7,4	45,3	47,4	2,36
Suðurland og Reykjanes	79	20,3	41,5	38,1	2,72
Vesturland og Vestfirðir	48	24,3	37,4	38,2	2,73
Norðurland	95	16,9	57,2	25,9	2,91
Austurland	43	21,8	39,3	38,9	2,71
<b>Fjölskyldutekjur</b>					
399 þúsund eða lægri	140	11,7	48,4	39,9	2,55
400-799 þúsund	239	12,1	42,0	45,9	2,42
800 þúsund eða hærrí	236	11,1	36,4	52,5	2,33
<b>Menntun*</b>					
Grunnskólapróf	135	14,9	47,4	37,7	2,66
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	232	10,7	44,1	45,2	2,42
Háskólapróf	320	11,2	35,6	53,2	2,31

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú nýja búvörusamninginum sem var undirritaður nýlega?


	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>720</b>	<b>12,0</b>	<b>41,8</b>	<b>46,3</b>	2,44
<b>Hjúskaparstaða</b>					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	510	12,2	41,6	46,2	2,45
Einhleyp(ur)	113	11,3	35,2	53,5	2,31
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	61	9,3	43,8	46,8	2,37
<b>Heimilisgerð</b>					
Ein(n) á heimili	102	14,6	37,5	47,9	2,45
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	214	8,0	49,3	42,8	2,45
Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	63	13,9	43,9	42,2	2,55
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	291	13,5	34,6	51,9	2,36
<b>Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*</b>					
Bjarta framtíð	10	7,5	20,2	72,2	1,98
Framsóknarflokkinn	67	44,3	45,7	10,0	3,54
Pírata	194	5,7	31,2	63,1	2,02
Samfylkinguna	55	2,0	24,3	73,7	1,93
Sjálfstæðisflokkinn	101	18,7	47,7	33,7	2,74
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	53	10,3	44,8	44,9	2,46
<b>Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér nýja búvörusamninginn?*</b>					
Vel	110	26,3	5,8	67,8	2,18
Í meðallagi	271	15,8	25,0	59,2	2,27
Illá	241	5,1	57,2	37,7	2,56
Alls ekki	97	0,9	91,7	7,5	2,88

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).



## Sp.2. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér nýja búvörusamninginn?

	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	17	2,0
Fremur vel (4)	93	11,3
Í meðallagi (3)	273	33,0
Fremur illa (2)	167	20,1
Mjög illa (1)	97	11,7
Alls ekki (1)	181	21,9
Gild svör	828	100,0
Gildir svarendur	828	96,6
Svöruðu ekki	29	3,4
Heildarfjöldi	857	100,0



Meira en helmingur svarenda segist hafa kynnt sér nýja búvörusamninginn illa eða alls ekki. Þetta endurspeglast í frekar lágu meðaltali sem er nálægt því að standa fyrir svarkostinn „Fremur illa“.

Á næstu tveimur síðum má sjá að karlar eru líklegri en konur til að hafa kynnt sér nýja búvörusamninginn, sömuleiðis eldri svarendur fremur en yngri og tekjuhærri fremur en tekjulægri. Þá er einnig marktækur munur á svörum fólks eftir búsetu, menntun, hjúskaparstöðu, heimilisgerð þess og hvaða flokk það myndi kjósa, en kjósendur Framsóknarflokksins hafa kynnt sér samninginn mun betur en kjósendur annarraflokka.

# ÞEKING Á BÚVÖRUSAMNINGNUM



## Sp.2. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér nýja búvörusamninginn?

	Gild svör	Vel	Í meðallagi	Ill	Alls ekki	
	Fjöldi	%	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>828</b>	<b>13,3</b>	<b>33,0</b>	<b>31,8</b>	<b>21,9</b>	2,28
<b>Kyn*</b>						
Karl	413	19,6	35,9	29,9	14,6	2,54
Kona	415	7,0	30,0	33,8	29,2	2,02
<b>Aldur*</b>						
Yngri en 25 ára	105	10,5	11,2	32,9	45,4	1,73
25-34 ára	159	5,5	25,7	30,6	38,2	1,82
35-44 ára	142	14,4	28,8	33,0	23,9	2,24
45-54 ára	143	12,7	38,0	37,3	11,9	2,41
55 ára og eldri	279	18,5	44,9	28,7	7,9	2,70
<b>Búseta*</b>						
Reykjavík	312	13,1	32,9	31,6	22,3	2,29
Nágr.sveitarfélög Rvk.	219	7,2	35,1	28,9	28,8	2,10
Suðurland og Reykjanes	90	13,6	39,1	32,4	14,9	2,43
Vesturland og Vestfirðir	52	22,4	35,3	32,1	10,3	2,64
Norðurland	109	17,5	23,3	39,7	19,5	2,23
Austurland	46	22,4	31,5	27,2	18,9	2,49
<b>Fjölskyldutekjur*</b>						
399 þúsund eða lægri	178	12,2	25,9	22,4	39,5	1,98
400-799 þúsund	264	13,2	35,6	34,0	17,2	2,36
800 þúsund eða hærr	264	15,4	35,6	34,0	15,0	2,44

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).

# ÞEKING Á BÚVÖRUSAMNINGNUM



## Sp. 2. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér nýja búvörusamninginn?

	Gild svör	Vel	Í meðallagi	Ill	Alls ekki	
	Fjöldi	%	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>828</b>	<b>13,3</b>	<b>33,0</b>	<b>31,8</b>	<b>21,9</b>	2,28
<b>Menntun*</b>						
Grunnskólapróf	159	16,1	32,7	28,9	22,2	2,34
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	273	12,6	28,0	31,8	27,5	2,16
Háskólapróf	363	12,8	37,7	32,7	16,8	2,38
<b>Hjúskaparstaða*</b>						
Gift/Kvæntur/Í sambúð	583	14,6	34,3	31,6	19,6	2,35
Einhleyp(ur)	141	10,5	28,5	28,9	32,0	2,06
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	66	9,3	40,4	32,1	18,2	2,36
<b>Heimilisgerð*</b>						
Ein(n) á heimili	114	15,6	35,9	29,5	19,0	2,41
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	249	9,2	32,1	34,6	24,1	2,15
Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	78	9,9	29,0	35,4	25,7	2,12
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	333	16,0	34,6	29,4	20,0	2,38
<b>Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*</b>						
Bjarta framtíð	13	11,7	37,8	26,4	24,1	2,23
Framsóknarflokkinn	69	30,9	44,4	18,1	6,6	2,99
Pírata	224	13,5	32,6	33,1	20,8	2,31
Samfylkinguna	57	18,3	42,0	31,4	8,3	2,61
Sjálfstæðisflokkinn	112	11,0	36,6	34,5	17,9	2,37
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	63	11,4	34,0	33,4	21,2	2,21

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).